

## Tillaga til þingsályktunar

### um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Frá mennta- og menningarmálaráðherra.

Alþingi ályktar um mikilvægi íslenskrar tungu og nauðsyn þess að tryggja að tungumálið verði áfram notað á öllum sviðum íslensks samfélags. Unnin verði aðgerðaáætlun til þriggja ára á því sviði, í víðtæku samstarfi. Allir sem búsettir eru á Íslandi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi. Þeir skulu eiga rétt á að nota íslensku í öllum samskiptum við opinberar stofnanir og fyrirtæki sem veita eða selja almenningi þjónustu, sbr. lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál, nr. 61/2011.

#### I. HELSTU MARKMIÐ.

- Íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins.
- Íslenskukennsla verði eflað á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara.
- Framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð.

#### II. AÐGERÐAÁÆTLUN 2019–2022.

##### Vitundarvakning um íslenska tungu.

Stuðlað verði að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu, gildi hennar og sérstöðu. Áhersla verði lögð á mikilvægi þess að íslenska sé lifandi tungumál í stöðugri þróun og helsta samskiptamál samfélagsins. Þessi vitundarvakning, undir yfirskriftinni *Áfram íslenska*, tengist flestum sviðum þjóðlífsins og speglast í þeim aðgerðum sem hér fara á eftir.

##### Menntun og skólastarf.

###### *Mikilvægi læsis.*

Læsi er lykill að lífsgæðum og unnið verður áfram í skólasamfélaginu að verkefnum sem tengjast *Þjóðarsáttmála um læsi* og leitast við að tryggja virka aðkomu heimila, bókasafna, rithöfunda og fjölmiðla að því verkefni.

###### *Íslenska sem annað mál.*

Þeir sem búsettir eru á Íslandi og hafa annað móðurmál en íslensku, börn jafnt sem full-orðnir, fái viðeigandi og jafngild tækifæri til íslenskunáms og stuðning í samræmi við þarfir sínar. Skipaður verði verkefnahópur sem ætlað er að marka heildarstefnu í málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku.

*Skólabókasöfn.*

Starfsemi skólabókasafna verði eflad og þjónusta við nemendur bætt. Áhersla verði lögð á aðgang að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku.

*Kennaramenntun.*

Vægi íslensku verði aukið í almennu kennaranámi og áhersla lögð á að örva áhuga verðandi kennara á tungumálinu. Stuðlað verði að því að efla málkunnáttu þeirra og sköpunargleði til að byggja upp hæfni nemenda og stuðla að jákvæðu viðhorfi til íslenskunnar á öllum skólastigum.

*Starfsþróun kennara.*

Stutt verði við starfsþróun og símenntun kennara í þeim tilgangi að efla lærdómssamfélag skólanna. Áhersla verði lögð á að auka hæfni kennara í íslensku og að þeir hafi tök á fjölbreyttum kennsluháttum til að kenna íslensku bæði sem móðurmál og sem annað mál.

*Háskólakennsla og rannsóknir.*

Haldið verði uppi öflugri háskólakennslu og rannsóknarstarfsemi í íslensku og íslenskum fræðum, bæði grunnrannsóknnum og hagnýtum rannsóknnum.

*Kennsla á íslensku.*

Kennsla í menntakerfinu á 1.–6. þrepi hæfniramma fari fram á íslensku.

*Stafrænt námsefni.*

Stuðlað verði að góðu aðgengi nemenda á öllum skólastigum að fjölbreyttu og vönduðu stafrænu námsefni á íslensku á sem flestum námssviðum.

*Íslenskunám fullorðinna innflytjenda.*

Settur verði hæfniramma um íslenskunám innflytjenda og viðeigandi námsleiðir þróaðar með auknu framboði námskeiða og námsefnis á öllum stigum. Samhliða verði útbúið rafrænt matskerfi til að meta hæfni fullorðinna innflytjenda í íslensku.

*Íslenskukennsla erlendis.*

Styrkja skal stóðir íslenskukennslu á erlendri grundu. Nýta skal nýjustu tækni til hagsbóta fyrir þá fjölmörgu sem vilja læra íslensku, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni.

**Menning.***Innlend dagskrárgerð.*

Innlend dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla verði eflad og aðgengi tryggt að fjölbreyttu efni á íslensku.

*Einkareknir fjölmiðlar.*

Kostnaður einkarekinna rit- og ljósvakamiðla verði endurgreiddur að hluta.

*Bókaútgáfa.*

Stutt verði við útgáfu bóka á íslensku vegna mikilvægis íslenskrar bókaútgáfu fyrir þróun tungumálsins og eflingu læsis.

*Barna- og ungmennabókmenntasjóður.*

Sjóður fyrir barna- og ungmennabækur verði settur á laggirnar.

*Almenningsbókasöfn.*

Starfsemi almenningsbókasafna verði eflid og áhersla lögð á aukna þjónustu við almenning og aðgengi að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku.

**Tæknipróun, aðgengi og nýsköpun.**

*Máltækni – stafræn framtíð tungunnar.*

Framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð. Unnið verði samkvæmt verkáætlun um máltækni fyrir íslensku 2018–2022. Verkefnið endurspeglar í fjármálaáætlun og brautargengi þess verði tryggt til framtíðar.

*Orðasöfn.*

Stuðlað verði að opnu aðgengi almennings að upplýsingaveitum um íslenskt mál, svo sem orðabókum, orðasöfnum og málfarssöfnum.

**Stefnumótun, stjórnýsla og atvinnulíf.**

*Viðmið um málnotkun.*

Sett verði viðmið um notkun íslensku og annarra tungumála í upplýsinga- og kynningarefni á vegum stjórnvalda og atvinnulífs.

*Orðanefndir.*

Styðja skal starf orðanefnda til að tryggja að íslenskur fræðiorðaforði og íðorðastarf eflist.

*Málstefna um íslenskt táknmál.*

Gerð verði málstefna um íslenskt táknmál og skal hún liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2020. Málnefnd um íslenskt táknmál hafi umsjón með því verkefni.

*Íslensk málstefna.*

Íslensk málstefna – *Íslenska til alls* – verði endurskoðuð til samræmis við breytta tíma og byggt verði á mati á núverandi málstefnu. Ný málstefna skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2020. Íslensk málnefnd hafi umsjón með því lögbundna verkefni. Hvatt sé til þess að sem flestar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök marki sér málstefnu.

### Greinargerð.

Íslensk tunga er undirstaða og fjöregg íslenskrar menningar. Í gildi eru rammalög um íslenska tungu frá árinu 2011 sem byggjast á íslenskri málstefnu sem samþykkt var sem þingsályktun á Alþingi vorið 2009.

Á tímum örrar alþjóðavæðingar og tæknibyltinga er mikilvægt að styrkja stöðu þjóðtungunnar. Vaxandi áhrif tölvu- og samskiptatækni á daglegt líf krefjast aðgerða af hálfu stjórnvalda til að tryggja að tungumál eins og íslenska séu gjaldgeng í samskiptum sem byggjast á tölvu- og upplýsingatækni. Nauðsynlegt er að snúa vörn í sókn fyrir íslenskuna svo hún þróist og dafni til framtíðar. Ábyrgðin á því viðvarandi verkefni hvílir hjá stjórnvöldum sem ber samkvæmt lögum að varðveita og efla íslenska tungu.

Íslenska málsamfélagið er eitt það fámennasta í veröldinni og staða íslenskunnar í stafrænum heimi er raunverulegt áhyggjuefni. Ásamt lettnesku, litháísku, írsk-gelísku og maltnesku er íslenskan í einna mestri hættu af tungumálum Evrópu. Margar þjóðir hafa valið að vinna markvisst gegn því sem kallað er umdæmisvandi eða umdæmississir tungumála. Umdæmisvandi er þegar tungumálið nýtist ekki lengur til samskipta á ákveðnu sviði þjóðlífsins en umdæmississir þegar þjóðfélagið tekur upp erlent tungumál í öllum sínum samskiptum innanlands sem utan. Auðvelt er að missa slíkt umdæmi tungumáls í stefnuleysi en afar erfitt að vinna það aftur.

Ýmsar nágrannaþjóðir okkar hafa brugðist við áskorunum sem þjóðtungur þeirra standa frammi fyrir. Þannig hafa Norðmenn t.a.m. skilgreint sitt mál sem örtungu í útrýmingarhættu og gripið til ýmissa aðgerða henni til stuðnings.

Það eru ákveðnar blikur á lofti er varðar þróun og framtíð íslenskunnar. Nýlegar rannsóknir benda til þess að viðhorf til hennar sé að breytast og að hæfni barna og ungmenna í íslensku, allt frá máltökualdri, fari versnandi. Þekktar eru tölulegar upplýsingar úr PISA-rannsóknnum um hrakandi lestrarfærni og lesskilning íslenskra nemenda. Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku vegnar verr í íslensku skólakerfi og þeim er hættara við brotthvarfi úr námi. Framboð á afþreyingarefni á ensku hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og merki eru um að fleira ungt fólk velji að lesa á ensku. Samfara minnkandi bóklestri er raunveruleg hættu á því að það sem áður var talið eðlilegt ritmál fari að þykja tyrfið og torlesið. Reglulega berast fréttir af því að börn og ungmenni velji að leika sér á ensku. Lestur okkar og upplýsingaleit fer að miklu leyti fram á netinu þar sem mikið er um vandað fræðsluefni á öðrum málum og mörgum finnst jafnvel þægilegra að rita og tala um ýmis viðfangsefni á öðrum tungumálum, einkum ensku. Þannig er enska orðin sjálfsagt mál í sumum umdæmum samskipta okkar.

Áskoranir þessar þarf að nálgast úr ólíkum áttum og á fjölbreyttan hátt. Því eru hér lagðar til aðgerðir í 22 liðum sem snerta flestar hliðar þjóðlífsins.

## 1. Vitundarvakning um íslenska tungu.

Til þess að aðrar aðgerðir skili árangri er einna brýnast að vekja almenning til umhugsunar um mikilvægi íslenskrar tungu, fjölbreytileika hennar, gildi og sérstöðu. Notkun og þar með þróun tungumálsins á sér stað í samskiptum okkar á degi hverjum og öll höfum við val um að vanda okkur og forgangsraða í þágu íslenskunnar.

Vitundarvakning undir merkjum slagorðsins *Áfram íslenska* minnir á að framtíð tungumálsins er á ábyrgð okkar allra, íslenskan er lifandi samskiptatæki og okkar sjálfsagða mál. Jákvætt viðhorf til hennar og aukin meðvitund mun skipta sköpum til að hægt sé að tryggja áframhaldandi notkun hennar á öllum sviðum samfélagsins.

Vitundarvakning af þessu tagi þarf að eiga sér stað sem víðast í samfélaginu og því verður leitað eftir víðtæku samstarfi um hana, m.a. við stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök og kallað eftir hugmyndum þeirra og aðgerðum.

## 2. Mikilvægi læsis.

Hæfni í lestri er nauðsynleg til að hver og einn geti nýtt hæfileika sína til fulls, samfélaginu öllu til góða. Lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi en slakur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir. Haustið 2015 gerðu mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög og samtökin Heimili og skóli með sér sáttmála um það markmið að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun í kjölfar *Hvítbókar um umbætur í menntun* sem gefin var út 2014. Menntamálastofnun annast framkvæmd verkefnisins. Áfram verður unnið

að verkefnum í anda sáttmálans innan menntakerfisins og leitast við að tryggja virka aðkomu heimila, bókasafna, rithöfunda og fjölmiðla að því.

### 3. Íslenska sem annað mál.

Íslenskan er lykill að lífsgæðum og menningu hér á landi. Íslendingum af erlendum uppruna og erlendum ríkisborgurum sem hér búa hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Erlendum ríkisborgurum hefur þannig fjölgað um 89% frá árslokum 2011, úr 20.930 í 39.570 vorið 2018 og eru þeir nú um 11% landsmanna. Til að bregðast við þessari samfélagsbreytingu er mikilvægt að skapa fjölbreytt tækifæri til íslenskunáms og tryggja stuðning í samræmi við námsþarfir á öllum skólastigum sem og í fullorðinsfræðslu.

Mikilvægt er að nemendur af erlendum uppruna njóti stuðnings í íslenskunámi í leik-, grunn- og framhaldsskólum svo þeir öðlist góða lestrarfærni sem er grundvöllur að farsælli skólagöngu. Einnig að þeir nái góðum tókum á íslensku sem öðru tungumáli sem er lykillinn að virkri þátttöku þeirra í atvinnulífi og samfélaginu. Til að ná þessum markmiðum þarf að samhæfa stuðning við nemendur af erlendum uppruna með markvissum og heildstæðum hætti (sbr. ályktanir Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2013 og 2015 og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016–2019).

Jákvæð umræða og fræðsla í samfélaginu um fjölbreytileika íslenskunnar er mikilvæg fyrir nýja málnotendur. Eyða þarf fordómum og auka þolinmæði gagnvart íslensku með erlendum einkennum.

Styrkja þarf menntakerfið svo það verði fært um að takast á við fjöltyngdan og fjölmenningarlegan nemendahóp. Samkvæmt skýrslu Fjölmenningarseturs frá árinu 2017 hefur fjöldi barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum sjöfaldast frá aldamótum. Móðurmál er undirstaða annars tungumálanáms og því þarf að vinna markvisst að því að viðhalda og styrkja móðurmál barna í íslensku málumhverfi, svo sem leik- eða grunnskóla. Sé það ekki gert getur það haft neikvæð áhrif á þróun lestrarfærni þeirra og námsframvindu í íslensku sem öðru máli sem og tungumálanámi almennt.

Þegar tölur yfir skráningu nemenda í framhaldsskóla og brotthvarf eru skoðaðar kemur í ljós að á árunum 2012 og 2013 sóttu að meðaltali rúm 95% 16 ára barna framhaldsskóla og tæp 83% 18 ára nemenda (Hagstofa Íslands, 2018). Skólasókn 16 ára nemenda var þá minnst meðal innflytjenda en rúmlega 86% þeirra sóttu framhaldsskóla að meðaltali þessi tvö ár og tæp 65% voru í skóla við 18 ára aldur.

Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019 sem samþykkt var á Alþingi 20. september 2016 er sérstök tillaga um tvítyngi/fjölytyngi. Í fjármálaáætlun 2018–2022 hefur verið sett það markmið að fleiri nemendur af erlendum uppruna hafi við lok grunnskóla náð skilgreindum lágmarksviðmiðum í lestri samkvæmt niðurstöðum PISA-rannsóknarinnar. Það hlutfall var 39% árið 2016 en stefnt skal að því að árið 2022 verði það hlutfall komið yfir meðaltal OECD.

Nauðsynlegt er að allt skólasamfélagið viðurkenni og kynni sér menningar- og félagsauð innflytjenda og líti á fjölbreytileika sem styrk en ekki veikleika (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2013 og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016–2019). Vinna þarf heildstæða aðgerðaáætlun um kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku þar sem leiðarljósið er virkt tvítyngi og að nemendur af erlendum uppruna standi jafnfætis jafnöldrum sínum sem hafa íslensku að móðurmáli. Menntamálastofnun verði falið að halda utan um það verkefni í víðtæku samráði við þá sem málið varðar.

#### 4. Skólabókasöfn.

Samkvæmt grunn- og framhaldsskólalögum frá 2008 er skólabókasafn upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Því er ætlað að vinna að bættri menntun allra nemenda í nánum tengslum við skólasamfélagið. Á skólabókasafni er gert ráð fyrir bókakosti, tækjabúnaði og öðrum safnakosti sem nýtist á fjölbreyttan hátt á öllum námssviðum. Þar er m.a. vettvangur til að efla læsi nemenda í viðum skilningi. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að efla faglega starfsemi skólabókasafna með vel menntuðu starfsfólki, miklum og góðum bókakosti, tækjabúnaði við hæfi og rúmum afgreiðslutíma. Einnig þarf að koma á sérstöku samstarfsverkefni stjórnvalda með ýmsum hagsmunaaðilum til að auka aðgengi nemenda að nýju og fjölbreyttu lesefni á íslensku (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2011 og Skýrslu starfshóps um bókmennningarstefnu 2017).

#### 5. Kennaramenntun.

Kennaramenntun gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki enda í höndum kennara og skólastjórnenda að byggja grunn framtíðarhagsældar með nemendum sínum ásamt foreldrum þeirra. Kennarar eru lykiláðilar í því að vekja áhuga nemenda á íslensku máli. Því er mikilvægt að í sjálfri kennaramenntuninni sé lögð áhersla á íslenskukennslu kennaranema, færni þeirra í íslensku í ræðu og riti og að þeir geti nýtt sér íslensku á skapandi hátt í leik og starfi. Þá er ekki síður brýnt að stuðla að jákvæðu viðhorfi kennaranema til íslenskrar tungu svo þeir geti miðlað því áfram til nemenda sinna. Á sinn hátt eru allir kennarar íslenskukennarar.

Fræðsla um máltöku barna og mikilvægi samtals við börn á máltökuskeiði er áriðandi þáttur í kennaranámi. Þá sýna rannsóknir að gagnvirk málleg samskipti barna og fullorðinna – samtöl – eru mikilvægur þáttur til að byggja upp og efla málþroska barna á máltökuskeiði. Því meira sem talað er við börnin og lesið fyrir þau, þeim mun betra.

Í ljósi þessa er ákaflega mikilvægt að vægi íslensku verði aukið í almennu kennaranámi í samræmi við hlutverk háskóla samkvæmt lögum um háskóla frá 2006 um að þeir stuðli að sköpun og miðlun þekkingar og færni til nemenda og samfélagsins alls (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2009).

#### 6. Starfsþróun kennara.

Kennarar á öllum skólastigum þurfa góðar aðstæður og möguleika til stöðugrar og fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar. Áhersla verði lögð á að auka hæfni kennara í íslensku og þeir hafi tök á fjölbreyttum kennsluháttum til að kenna íslensku bæði sem móðurmál og annað mál.

Á undanförunum árum hefur samstarf hagsmunaaðila um starfsþróun kennara aukist. Starfandi er samstarfsráð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Listaháskóla Íslands og Skólameistarafélags Íslands um starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum. Samstarfsráðið tók til starfa haustið 2016 með erindisbréfi mennta- og menningarmálaráðherra.

Útfæra þarf stöðkerfi sem styður við starfsþróun kennara, aðstæður og möguleika skóla til að hafa með höndum starfsþróun á vinnustað og við þátttöku háskóla í starfsþróun á vettvangi. Stöðkerfi við starfsþróun þarf að skapa góðar aðstæður og möguleika til fjölbreyttrar símenntunar sem tekur m.a. til skipulags, tíma, aðstæðna til ígrundunar í starfi og starfendarannsóknna. Markmiðið er að efla færni og þekkingu fagfólks í skólum og auka gæði í skólastarfi. Slíkt stöðkerfi stuðlar að aukinni hæfni kennara til að efla færni allra nemenda í íslensku, bæði í töluðu og rituðu máli (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2009).

Samstarfsráð um starfsþróun kennara sem skipað er fulltrúum frá helstu hagsmunaaðilum vinni að þróun og innleiðingu á fullnægjandi stöðkerfi starfsþróunar kennara til framtíðar.

### 7. Háskólakennsla og rannsóknir.

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að styðja betur við gæði í starfsemi háskóla og samræmist það áherslum stjórnvalda um að efla menntun í landinu. Gæði náms og rannsóknastarfs treysta samfélagslegt hlutverk háskóla og styðja þannig við lýðræði, samfélags- umræðu, menningu og íslenska tungu. Halda verður uppi öflugri háskólakennslu og rannsókn- arstarfsemi í íslensku og íslenskum fræðum, bæði grunnrannsóknnum og hagnýtum rann- sóknnum.

Öflugt háskólastarf er ein af undirstöðum kraftmikils og fjölbreytts efnahagslífs og stöðug- leika og þess að unnt verði að auka framleiðni á Íslandi til frambúðar. Útflutningstekjur landsins byggjast nú að mestu leyti á nýtingu náttúruauðlinda í ferða- og orkuviðnáði og sjávarútvegi. Náttúruauðlindir eru í eðli sínu takmarkaðar og því þarf útflutningur í auknum mæli að byggjast á hugviti, rannsóknnum og nýsköpun ef tryggja á sjálfbæran hagvöxt til langframa. Það er áhætta í því fólgin að huga ekki nægjanlega að yfirfærslu þekkingar frá háskólum til fyrirtækja og stofnana. Byggja þarf og treysta brýr á milli háskóla og atvinnulífs til að efla samstarf um hagnýtingu þekkingar og til að námsframboð skólanna styðji við þróttmikið atvinnulíf. Í öllu samstarfi um hagnýtingu þekkingar og nýsköpunarstarfi er mikilvægt að íslensk tunga sé notuð og að öll svið háskólakennslu og rannsókna styðjist við íslensku að eins miklu marki og framast er unnt (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2010).

### 8. Kennsla á íslensku.

Samkvæmt lögum um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls frá 2011 er þjóðtungan sam- eiginlegt mál landsmanna og stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Lögð er áhersla á að kennsla á öllum skólastigum fari fram á íslensku nema annað leiði af eðli náms eða námskrár. Allir skólar á 1.–6. hæfniprepi, þ.e. allt frá leik- skóla til framhaldsmenntunar á háskólastigi, skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu. Gefa skal nemendum ríkuleg tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt og leggja sérstaka áherslu á hugtakaskilning og fagorðaförða á íslensku. Sérstaklega skal leggja áherslu á að nemendur tileinki sér fagorðaförða á íslensku í starfsnámi og háskólanámi og geti tjáð sig um eigin sérsvið á íslensku.

Samkvæmt lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008 skal kennsla fara fram á íslensku nema með ákveðnum undantekningum. Samkvæmt lögum um háskóla frá 2006 miðar starf háskóla að því að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Skólar á öllum skólastigum setji sér málstefnu með hliðsjón af íslenskri málstefnu, *Íslenska til alls* (2009) (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2009). Menntamálastofnun fylgist með að þessari aðgerð verði framfylgt og styðji skóla til að setja sér málstefnu.

### 9. Stafrænt námsefni.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019–2023 er lögð áhersla á að námsefni á grunnskólastigi samræmist betur kröfum aðalnámskrár, að útgáfa námsefnis á táknmáli fyrir grunnskólanemendur sé eflað og að námsgögn taki mið af byltingu í tölvu- og samskiptatækni og margbreytileika nemendahópsins. Til að styðja við þetta markmið hefur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila, verið unnið að tillögu að

stefnu um námsgögn. Til skoðunar er hlutverk ríkisins í námsgagnaútgáfu, hlutverk Menntamálastofnunar, aðkoma sveitarfélaga og einkaaðila, lög um námsgögn, nr. 71/2007, námsgagnasjóður og þróunarsjóður námsgagna. Einnig hefur verið hugað að þróun námsgagna fyrir leikskólastig, framhaldsskólastig, tónlistarskóla og framhaldsfræðslu. Áætlað er að þessari endurskoðun ljúki á árinu 2019. Í stefnumótunavinnu á sviði námsgagna er lögð áhersla á að nemendur á öllum skólastigum hafi aðgengi að fjölbreyttu og vönduðu stafrænu námsefni á íslensku á sem flestum námssviðum. Stafrænt námsefni á íslensku þarf að standast samanburð við það sem best gerist á öðrum tungumálum og vera þannig úr garði gert að það vekir áhuga á íslenskum veruleika og íslenskri tungu. Sjóðakerfi á vegum ríkisins verði eftir í þessu skyni (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2012 og Skýrslu starfshóps um bókmenningarstefnu 2017).

#### 10. Íslenskunám fullorðinna innflytjenda.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir nú fræðsluáðilum um 120 m.kr. styrk á ári til íslenskukennslu fullorðinna innflytjenda, með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum. Þessi upphæð hefur ekki hækkað til samræmis við fjölgun innflytjenda og er mikilvægt að breyting verði þar á. Skoða þarf möguleika þess að íslenskunám verði gert eins aðgengilegt og kostur er með skýrum lagaramma þar sem áhersla er lögð á að tryggja aðgang og gæði námsins. Einnig þarf að leggja áherslu á að koma til móts við þarfir þess hóps sem ekki á kost á því að fá námskeið í íslensku niðurgreidd, t.d. þeir sem ekki eru á atvinnumarkaði. Ljóst er að gengi barna og unglinga í námi og atvinnu- og samfélagsþátttaka er að miklu leyti undir því komin að foreldrar hafi vald á íslenskri tungu.

Aðlaga þarf nám, námsgögn og námsmat að rafrænu umhverfi, t.d. með því að smíða rafrænt matskerfi svo innflytjendur geti metið hæfni sína í íslensku. Sú tillaga er í samræmi við aðgerð í fjármálaáætlun 2019–2023 þar sem fram kemur að eitt meginmarkmið sé skilgreint sérstaklega fyrir málaflökkinn, þ.e. að auðvelda fullorðnu fólki sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi að afla sér menntunar og starfsréttinda. Í því sambandi er sett fram aðgerð sem felst í því að þýða og aðlaga evrópskt rafrænt matstæki fyrir grunnleikni í íslensku, stærðfræði, ensku og upplýsingatækni (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2015).

#### 11. Íslenskukennsla erlendis.

Staða íslenskukennslu í erlendum háskólum er víða ótrygg og svo gæti farið að sumir háskólar hætti að bjóða upp á hana. Innri hagræðing í háskólum, sem m.a. hefur fylgt samræmingu á prófgráðum og námsfyrirkomulagi í evrópskum háskólum, getur komið niður á greinum sem uppfylla ekki kröfur um tiltekinn nemendafjölda, t.d. íslenskukennslu. Röksemdir um menningarlegar skyldur háskóla við hefðbundna hugvísindagreinar mega sín nú minna en áður.

Við marga háskóla á Norðurlöndum hefur kennsla í máli og menningu Norðurlanda átt undir högg að sækja. Staða smárra greina eins og íslensku er víða ótrygg og þörf er á auknum stuðningi til að efla íslenskukennslu erlendis. Styrkja skal stöðir íslenskukennslu í samstarfi stjórnvalda og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem hefur forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis.

Einnig er mikilvægt að nýta nýjustu tækni til hagsbóta fyrir íslenskt málsamfélag og þá fjölmörgu sem vilja læra íslensku. Margir foreldrar sem búsettir eru erlendis vilja að börn þeirra læri íslensku eða viðhaldi íslenskukunnáttu sinni. Styrkja þarf og styðja við kennslu-umhverfi vefsins *Icelandic Online* svo hann mæti betur þörfum barna og ungmenna.



## 12. Innlend dagskrárgerð.

Í fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011 er ákvæði þess efnis að allir íslenskir fjölmiðlar skuli eftir fremsta megni stuðla að menningarþróun og efla íslenska tungu. Miðlun fjölbreytts efnis á íslensku snýst ekki aðeins um varðveislu og þróun tungunnar heldur einnig um samtal kynslóðanna.

Í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Ríkisútvarpið ohf. er lögð rík áhersla á að Ríkisútvarpið skuli hlúa að menningu þjóðarinnar, leggja rækt við íslenska tungu, listir og íþróttir. Ríkisútvarpið skal koma til móts við þarfir almennings um vandað íslenskt efni og styðja við framleiðslu og nýsköpun á slíku efni. Ríkisútvarpið skal leggja aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð og að færa menningarefni framár í forgangs röðun í dagskrá. Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið kaupa eða vera meðframleiðandi að leiknu sjónvarps efni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru dagskrárefni í miðlum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið skal verja til þess að lágmarki 11% af heildartekjum árið 2019.

Á gildistíma samningsins mun Ríkisútvarpið leggja aukna áherslu á íslenskt leikið efni til að efla kvikmyndagerð í landinu, með það að markmiði að auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarps efni. Lögð skal áhersla á aukið samstarf Ríkisútvarpsins við Kvikmyndamiðstöð Íslands og sjálfstæða framleiðendur. Aukið framlag í þennan efnisflokk verður á kostnað annarra efnisflokka í sjónvarpi en þó ekki á kostnað framlags til framleiðslu og kaupa á barnaefni. Ríkisútvarpið hefur þegar uppfyllt öll viðmið í samningnum um innlenda dagskrárgerð og samið verður um ný viðmið í næsta samningi sem gildir frá 2020.

## 13. Stuðningur við einkarekna fjölmiðla.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélagi við miðlun upplýsinga sem vettvangur umræðu og skoðanaskipta. Menningarlegt hlutverk þeirra er brýnt, þeir spegla sögu okkar og sjálfsmýnd og viðhalda íslenskri tungu. Íslenskt efni í fjölmiðlum, hvort heldur frumsamið, þýtt, textað, táknmálstúlkað eða talsett, skiptir lykilmáli fyrir íslenska tungu og þróun hennar. Þess vegna er mikilvægt að stuðla að heilbrigðu rekstrarumhverfi fjölmiðla.

Í ljósi þeirra breytinga sem nú eiga sér stað og fyrirsjáanlegar eru í fjölmiðlamálum hér á landi og víðar í Evrópu ætla stjórnvöld að hlutast til um að fjölbreytt flóra fjölmiðla fái þrífist enda sé það ein af forsendum lýðræðis og tjáningarfrelsis auk þess að efla íslenska tungu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun bæta starfsumhverfi fjölmiðla, t.d. með endurskoðun á skattalegu umhverfi þeirra.“ Ráðgert er að styðja við einkarekna fjölmiðla, m.a. með endurgreiðslu á hluta ritstjórnarkostnaðar og með stuðningi við textun og talsetningu myndefnis (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2014).

## 14. Bókaútgáfa.

Bókmening Íslendinga hefur átt ríkan þátt í að varðveita og þróa íslenskt mál. Í sjálfstæðisbaráttunni varð þjóðtunga landsmanna ein helsta röksemd þess að Íslendingar væru sérstök þjóð og sjálfstæðiskröfur þeirra réttmætar. Íslensk bókaútgáfa á undir högg að sækja og hefur velta hennar dregist saman um 36% á síðustu tíu árum. Frumvarp til laga um stuðning við útgáfu bóka á íslensku var lagt fram á Alþingi í októberbyrjun 2018 en markmið þess er að efla bókaútgáfu á íslenskri tungu í ljósi mikilvægis hennar fyrir þróun íslenskunnar og bætt læsi þjóðarinnar. Frumvarpið heimilar endurgreiðslu 25% kostnaðar vegna útgáfu bóka á íslensku. Áætlað framlag vegna þessa er um 400 milljónir kr. frá og með árinu 2019 en sú

fjárhæð er um 17% af núverandi veltu íslenskrar bókaútgáfu miðað við tölur síðasta árs. Ráðgert er að endurgreiðslurnar muni hvetja til aukinnar útgáfu á prenti og rafrænum miðlum og auka framboð og fjölbreytni efnis fyrir lesendur. Fordæmi fyrir þessari stuðningsleið má meðal annars finna í tímabundnum endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar sem gefist hafa vel.

### **15. Barna- og ungmennabókmenntasjóður.**

Skort hefur fjölbreytt úrval barna- og ungmennabóka á íslensku eftir íslenska höfunda. Til að styðja við og efla útgáfu lesefnis fyrir börn og ungmenni hefur mennta- og menningar- málaráðherra ákveðið að bæta nýjum styrkjaflokki fyrir barna- og ungmennabækur við styrki Miðstöðvar íslenskra bókmennta frá og með árinu 2019. Framtak þetta fylgir eftir menningarstefnu stjórnvalda þar sem lögð er sérstök áhersla á að efla menningu barna og ungmenna á landinu öllu (sbr. menningarstefna 2013 og ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2017).

### **16. Almenningsbókasöfn.**

Almenningsbókasöfn gegna mikilvægu hlutverki sem þekkingarveitur og fræðslustofnanir og halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu. Almenningsbókasöfn eru einnig mikilvæg fyrir menningarlífið í nærumhverfi sínu. Þau eru rekin á vegum sveitarfélaga en samkvæmt bókasafnalögum, nr. 150/2012, er það m.a. hlutverk ríkisins að stofna bókasafnaráð og bókasafnasjóð til að efla starfsemi bókasafna, bæði almenningsbókasafna og annarra bókasafna. Bókasafnaráði er m.a. ætlað að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna, setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn, setja bókasafnasjóði reglur og veita umsögn um styrkumsóknir úr sjóðnum. Bókasafnasjóður hefur það hlutverk að efla starfsemi bókasafna með því að styrkja skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Framlag til bókasafnasjóðs verði tryggt þannig að hann geti veitt stuðning til að efla mikilvæga starfsemi almenningsbókasafna.

### **17. Máltækni – stafræn framtíð tungunnar.**

Fjórða iðnbyltingin er ekki lengur handan við hornið, hún er þegar hafin. Birtingarmyndir hennar eru sjáanlegar á öllum sviðum þjóðlífsins, hvort sem litið er til aukinnar sjálfvirknivæðingar í atvinnulífinu eða snjallsímanotkunar almennings. Mörg tækifæri felast í breytingum sem þessum en jafnframt miklar og krefjandi áskoranir. Ein stærsta áskorunin snýr að tungumálinu og stöðu íslenskunnar í stafrænum heimi. Markmið aðgerðaáætlunar um máltækni er að tryggja að hægt sé að nota íslensku í samskiptum við margs konar tæki og í allri upplýsingavinnslu og um leið að varðveita tungumálið okkar til framtíðar. Áætlunin er fullfjármögnuð í fjármálaáætlun til ársins 2023. Í máltækniáætlun er lögð áhersla á þrjá meginþætti til að tryggja að íslenska verði valkostur í tækniheiminum; uppbyggingu innviða, nýsköpun í máltækni og samstarf og klasamyndun.

Lagt er til að fjórar opnar kjarnalausnir verði til á tímabilinu: talgreinir, talgervill, þýðingarvél og málrýnir. Þróun þeirra og aðlögun fyrir íslensku skal ná nógu langt til að lausnirnar verði gagnlegar og notaðar af öllum almenningi, fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Grunnforsenda í smíði máltækni verkfæra er að til séu gagnasöfn og stoðtöl og í verkáætluninni er nauðsynlegri vinnu á því sviði lýst.

Samhliða framangreindum verkþáttum þarf að huga að menntun og hefur þverfaglegt meistaranám í máltækni í samvinnu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík verði tekið upp að nýju og eftt með þátttöku fleiri deilda innan skólanna en verið hefur.

Áætlaður heildarkostnaður áætlunarinnar árin 2018–2023 er 2.338 m.kr. Af því er gert ráð fyrir að framlag nýsköpunarfyrirtækja verði 500 m.kr og að ríkissjóður leggi til 1.838 m.kr. Auk þess er áætlað að árlegur rekstrarkostnaður og kostnaður við menntun og alþjóðlegt samstarf á sviði máltækni verði 75 m.kr. á ári. Áætlað heildarframlag ríkissjóðs verður því 2.213 m.kr. sem greiðist á fimm árum. Gerður hefur verið samningur við sjálfseignarstofnunina Almennaróm um rekstur miðstöðvar máltækniáætlunar fyrir íslensku. Miðstöðin mun sjá til þess að verkefni áætlunarinnar verði framkvæmd hjá þeim sérfræðingum, stofnunum og fyrirtækjum sem eru fengin til þess að útfæra þau, sjá um samninga og samhæfingu milli verkefna og við atvinnulífið og tryggja góð samskipti aðila verkefnisins við atvinnulífið og við erlend fyrirtæki og stofnanir þannig að þeir innviðir og tækni sem þróuð eru í verkefninu komist í notkun (sbr. ályktanir Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2012 og 2016).

### 18. Orðasöfn.

Mikilvægt er að tryggja opið aðgengi almennings að upplýsingum og fræðslu um íslenskt mál, svo sem með orðabókum og orðasöfnum. Keyptur verði útgáfu- og birtingarréttur að útgefnum orðabókum svo betur megi tryggja hindrunarlaust aðgengi (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2016).

Efni skortir um íslenska tungu á netinu, svo sem aðgengilegar orðabækur og alfræðirit. Það vandaða efni sem þó er þar að finna blasir ekki í öllum tilvikum við hinum almenna netnotanda og ráða þarf bót á því. Margt úrvalsefni á íslensku á netinu er ekki nægilega sýnilegt fyrir íslenskra málhafa og aðra áhugamenn um íslensku, þar á meðal börn og ungmenni sem þurfa öllum öðrum fremur á því að halda að alast upp við íslensku á netinu.

### 19. Viðmið um málnotkun.

Íslenskt mál er á stöðugu undanhaldi þegar kemur að því að kynna og veita almenningi upplýsingar. Þjónustuaðilar bera oft erlend heiti og upplýsingar til almennings og ferðamanna eru í vaxandi mæli fyrst og fremst á ensku. Misskilin þjónustulund við ferðamenn og erlenda borgara gerir það að verkum að íslenskt þjóðfélag getur misst sérstöðu sína þar sem íslenska er ekki lengur ráðandi tungumál í daglegu lífi og störfum. Til þess að sporna við þessari þróun er nauðsynlegt að stjórnvöld setji viðmið um notkun íslensku og annarra tungumála á upplýsinga- og kynningarefni á vegum hins opinbera og einkaaðila (sbr. ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2015).

### 20. Orðanefndir.

Allt frá því íslenskir vísinda- og fræðimenn fóru að skrifa um fræði sín á fyrri hluta 19. aldar hafa þeir lagt metnað sinn í að skrifa á skiljanlegu og skýru máli svo almenningur geti tileinkað sér þekkinguna. Þetta átti sérstaklega við um fræðimenn á sviði náttúruvísinda en þar ruddi Jónas Hallgrímsson brautina með nýyrðasmíð sinni. Af þessu leiðir að skil á milli almennings og fræðasamfélagsins eru mun minni hér á landi en víðast hvar erlendis.

Orðanefndir í ýmsum greinum hafa haldið þessari vinnu á lofti og má sjá á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum lista yfir starfandi orðanefndir sem eru nú 31 talsins. Þrettán orðanefndir hafa lokið störfum. Til að viðhalda virkri nýyrðasmíð í hinum

ýmsu greinum er nauðsynlegt að styðja starf orðanefnda til að tryggja að íslenskur fræðiorðaförði og íðorðastarf eflist.

### 21. Málstefna um íslenskt táknmal.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmalís segir að íslenskt táknmal sé fyrsta mal heyrnarlausra, heyrnarskertra, daufblindra og aðstandenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Hlutverk málnefndar um íslenskt táknmal er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvað eina er varðar íslenskt táknmal og stuðla að eflingu þess og notkun í íslensku þjóðlífi.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur mælt til þess að unnið verði að stefnumótun í málefnum íslenska táknmalísins. Bent er á að samkvæmt lögum um íslenska tungu og íslenskt táknmal sé íslenskt táknmal opinbert mal þeirra sem reiða sig á það til samskipta og það er í lögnum sett jafn réthátt íslenskri tungu.

Meðal áhyggjuefna er bág máltaka og menntun barna sem tala táknmal. Að auki er bent á að setja þurfi lög um túlkabjónustu í daglegu lífi og um túlkabjónustu í atvinnulífi til að tryggja rétt þeirra sem tala táknmal. Málnefnd um íslenskt táknmal er því falið að vinna drög að stefnu um íslenskt táknmal í samvinnu við sérfræðinga og hagsmunaaðila.

### 22. Íslensk málstefna

Íslendingar eignuðust opinbera málstefnu í fyrsta sinn 12. mars 2009 þegar Alþingi samþykkti tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, *Íslenska til alls*, sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Samþykkt Alþingis markaði þannig tímamót í sögu íslenskunnar.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmalís er kveðið á um að hlutverk Íslenskrar málnefndar sé að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu á fræðilegum grundvelli og gera tillögur til ráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu.

Margt hefur breyst á þeim tíu árum sem núgildandi stefna hefur verið í gildi og tímabært að endurskoða fyrstu íslensku málstefnuna. Það er mikilvægt að vanda til verka og tryggja víðtækt og gott samráð á öllum sviðum. Skipunartíma núverandi málnefndar lýkur 31. desember 2019 en málnefndin þarf bæði svigrúm og tíma til að undirbúa tillögu um endurskoðun málstefnunnar. Miðað er við að þeirri vinnu verði lokið í árslok 2020.